Landbúnaðarháskóli Íslands
Agricultural University of Iceland

Hugverkastefna Landbúnaðarháskóla Íslands

Markmið þessarar hugverkastefnu er að:

- Stuðla að hagnýtingu og útbreiðslu hugverka rannsakenda.
- Vernda hugverk sem verða til innan háskólans.
- Stuðla að aukinni nýsköpun og hagnýtingu rannsóknastarfs.
- Tryggja réttindi og hagsmuni starfsmanna, nemenda og háskólans.
- Koma á skýru ferli fyrir eignarhald og nýtingu hugverka.

Hugverkastefnan gegnir lykilhlutverki í að styðja við:

- Réttindavernd og hagnýtingarmöguleika hugverka sem verða til innan háskólans.
- Samkeppnishæfni háskólans og samstarf við atvinnulífið, þar sem skýr stefna um eignarhald og leyfisveitingar eykur traust samstarfsaðila og stuðlar að markvissri nýtingu hugverka í atvinnulífi.
- Tækniyfirfærslu og samfélagsleg áhrif þar sem hugverkastefnan tryggir að þekking og nýsköpun sem skapast innan háskólans sé yfirfærð til atvinnulífsins í gegnum leyfisveitingar, stofnun sprotafyrirtækja og aðra miðlun.

Samþykkt af háskólaráði Landbúnaðarháskóla Íslands 27.05.2026.

Reglur Landbúnaðarháskóla Íslands um hugverk

Hlutverk Landbúnaðarháskóla Íslands

Í háskólalögum nr. 63/2006 er kveðið á um að háskóli sé sjálfstæð menntastofnun sem sinnir kennslu, rannsóknum, varðveislu þekkingar, þekkingarleit og sköpun á sviðum vísinda, fræða, tækniþróunar eða lista. Hlutverk háskóla sé að stuðla að sköpun og miðlun þekkingar og færni til nemenda og samfélagsins alls.
Landbúnaðarháskóli Íslands vinnur að sjálfbærri nýtingu auðlinda, hágæða matvælaframleiðslu og hagsæld fyrir framleiðendur, neytendur, samfélag og umhverfi. Háskólinn leggur ríka áherslu á nýsköpun og rannsóknir á alþjóðamælikvarða með það að markmiði að auka samkeppnishæfni og verðmætasköpun. Í rannsóknastefnu háskólans kemur fram það meginmarkmið að byggja upp öflugt rannsóknastarf sem styður við kennslu háskólans, eflir orðspor hans út á við og býr til nýja þekkingu fyrir íslenskt samfélag og atvinnulíf.

Gildissvið

Reglur Landbúnaðarháskóla Íslands um hugverk, gilda um alla starfsmenn og nemendur Landbúnaðarháskóla Íslands sem koma að sköpun hugverka í tengslum við starfsemi háskólans. Undir starfsmenn fellur allt starfsfólk, þar með talið akademískir starfsmenn, gestafræðimenn og aðrir starfsmenn sem taka þátt í rannsóknum eða þróunarverkefnum á vegum háskólans. Undir nemendur falla þeir sem taka þátt í rannsóknum eða verkefnum í samstarfi við háskólann, eru fjármagnaðir af honum eða eru hluti af rannsóknaverkefnum hans. Reglurnar gilda jafnt um hugverk sem einn eða fleiri standa saman að. Þau réttindi og skyldur sem kveðið er á um í reglunum haldast eftir að látið hefur verið af starfi hjá háskólanum eða námi hefur verið lokið.

Þegar þriðji aðili fjármagnar rannsóknir við Landbúnaðarháskóla Íslands að hluta eða í heild kann að reynast sanngjarnt að vikið sé frá ákvæðum reglnanna að einhverju leyti. Frávik skulu háð sérstökum samningum sem vísindaráð háskólans skal upplýst um hverju sinni.

Sérstakar reglur gilda um verkefni sem unnin eru með styrkjum frá utanaðkomandi aðilum. Starfsmönnum ber að tilkynna til vísindaráðs um efni slíkra samninga.

Vísindaráð Landbúnaðarháskóla Íslands

Í reglum um Landbúnaðarháskóla Íslands nr. 1790/2024 er kveðið á um vísindaráð. Vísindaráð er ráðgefandi gagnvart rektor og háskólaráði um stefnumótun og ákvarðanatöku í málefnum hugverka og getur leitað ráðgjafar Auðnu-Tæknitorgs. Ráðið tekur afstöðu til skráningar og hagnýtingar hugverka sem verða til innan háskólans með hliðsjón af faglegu mati og hagsmunum háskólans, rannsakenda og samstarfsaðila. Vísindaráð hefur jafnframt eftirlit með skiptingu fjárhagslegs ágóða af hugverkum í samræmi við gildandi reglur og samþykktir.

Vísindaráð skal einnig fara með úrlausn ágreiningsmála er varða eignarhald og nýtingu hugverka innan háskólans. Ef upp kemur ágreiningur um réttindi eða skyldur samkvæmt þessum reglum, skal vísindaráð fjalla um málið og taka rökstudda afstöðu til úrlausnar þess. Heimilt er að kalla til utanaðkomandi sérfræðinga ef nauðsyn krefur.

Aðilar sem koma að mati, ákvörðun eða samningum um hugverk skulu upplýsa um fjárhagslega, faglega eða persónulega hagsmuni sem geta haft áhrif á óhlutdrægni þeirra. Komi upp mögulegur hagsmunaárekstur skal hann skráður, metinn og viðkomandi víkja sæti við meðferð máls eftir því sem við á. Þetta gildir meðal annars um leiðbeinendur, starfsmenn, stjórnendur, fulltrúa í vísindaráði og aðra sem koma að ákvörðunum um vernd, framsal, hagnýtingu, leyfisveitingu eða stofnun sprotafyrirtækis.

Við meðferð mála samkvæmt stefnu þessari skal tryggja vandaða málsmeðferð, skráningu gagna, hæfismat þeirra sem koma að ákvörðunum, andmælarétt hlutaðeigandi aðila og rökstuðning niðurstöðu. Ágreiningsmál skulu afgreidd innan hæfilegs frests og niðurstaða kynnt skriflega.

Auðna - Tæknitorg

Auðna – Tæknitorg er tækniyfirfærsluskrifstofa í eigu íslenskra háskóla og rannsóknastofnana, þar á meðal Landbúnaðarháskóla Íslands. Auðna veitir aðstoð við m.a. greiningu, vernd og hagnýtingu hugverka, hefur umsjón með umsóknaferli einkaleyfa og annarra hugverkaréttinda, sinnir viðskiptagreiningu og markaðssetningu hugverka og hefur milligöngu um samstarf, leyfisveitingar og samninga við sprotafyrirtæki og aðra hagaðila.

Auðna tekur að sér fyrstu greiningu á tilkynntum hugverkum og metur einkaleyfishæfi og/eða hagnýtingargildi þeirra innan 30 daga frá móttöku tilkynningar. Að lokinni greiningu skal Auðna leggja fram rökstudda tillögu til vísindaráðs háskólans um næstu skref, þar á meðal hvort ráðlagt sé að sækja um einkaleyfi eða önnur hugverkaréttindi, eða hvort frekari greiningu þurfi áður en ákvörðun er tekin um hagnýtingu.

Hugverk

Í reglum þessum merkir hugtakið hugverk, uppfinningu sem unnt er að fá einkaleyfi fyrir samkvæmt lögum nr. 17/1991 um einkaleyfi og hins vegar nýjungar sem m.a. eru uppgötvanir, vísindakenningar, verkþekking, hönnun og annað sem ekki fellur undir hugtakið uppfinning í skilningi laga um einkaleyfi nr. 17/1991. Er þá átt við nýjungar sem hafa komið fram og eru þáttur í starfi starfsfólks háskólans eða námi nemenda eða tengjast tilteknu verkefni sem þeim hefur verið falið. Sama gildir um uppfinningar eða hagnýtanlegar rannsóknaniðurstöður sem fram koma við notkun á auðlindum háskólans, þ.m.t. fjármunum, húsnæði, efni, tækjabúnaði og annarri aðstöðu, nema um annað sé samið. Til annarra hagnýtanlegra rannsóknaniðurstaðna í skilningi reglnanna telst t.d. hönnun í skilningi laga um hönnun 46/2001, viðskiptaleyndarmál skv. ákvæðum laga um viðskiptaleyndarmál nr. 131/2020, verkþekking (know how) og skv. ákvæðum höfundalaga nr. 73/1972. Undanþeginn er höfundaréttur að kennsluefni.

Eignarhald hugverka

Meginreglan er að sá sem skapar hugverk á upphaflegan rétt að því, nema annað leiði af lögum, ráðningarsambandi, samningi, styrkskilmálum eða reglum þessum. Starfsmenn eiga því almennt upphaflegan rétt til hugverka sem þeir skapa, en Landbúnaðarháskóli Íslands getur öðlast rétt til hagnýtingar, afnota eða framsals þegar hugverkið verður til sem liður í starfi, í tengslum við verkefni sem starfsmanni hefur verið falið, á starfssviði háskólans eða með verulegri notkun á fjármunum, rannsóknarinnviðum, tækjabúnaði, gögnum, aðstöðu eða öðrum bjargráðum háskólans. Um einkaleyfishæfar uppfinningar starfsmanna fer samkvæmt lögum um uppfinningar starfsmanna.

Nemendur eiga að jafnaði rétt til hugverka sem þeir skapa í námi sínu, þar á meðal verkefna, ritgerða, hönnunar, hugbúnaðar, gagna og annarra niðurstaðna, nema um annað sé samið skriflega fyrirfram.

Almenn þátttaka í námskeiði, leiðsögn kennara og notkun almennrar aðstöðu háskólans felur ekki í sér framsal hugverkaréttinda til háskólans eða þriðja aðila. Ef nemendaverkefni er unnið innan rannsóknar- eða þróunarverkefnis, með verulegri notkun sérhæfðra bjargráða háskólans eða í samstarfi við fyrirtæki eða aðra ytri aðila skal gera skriflegan samning áður en vinna hefst um eignarhald, afnot, trúnað, birtingu og hagnýtingu niðurstaðna.

Ef fleiri en einn aðili kemur að sköpun hugverks skal eignarhald og skipting réttinda ráðast af framlagi hvers og eins, nema um annað sé samið. Framsal hugverkaréttinda eða veiting einkaréttar til hagnýtingar skal ávallt vera skrifleg.

Hagnýting hugverka

Réttur starfsmanna til uppfinninga fer eftir lögum nr. 72/2004 um uppfinningar starfsmanna, nema um annað hafi verið samið. Starfsmenn eiga almennt rétt til þeirra uppfinninga sem þeir koma fram með í starfi sínu eða námi. Landbúnaðarháskóli Íslands getur hins vegar krafist framsals réttarins til uppfinningarinnar til sín, enda sé hagnýting uppfinningarinnar á starfssviði háskólans eða tengist tilteknu verkefni sem unnið er innan háskólans.

Starfsmaður skal gæta trúnaðar um hugverkið og birta það ekki opinberlega (hvorki í ræðu né riti) fyrr en vísindaráð hefur veitt samþykki fyrir birtingu, geti það skaðað vernd hugverks, um sé að ræða mögulega einkaleyfishæfa uppfinningu, eða trúnaðarsamning við þriðja aðila.

Tilkynningarskylda starfsmanna

Öll hugverk sem verða til innan Landbúnaðarháskóla Íslands og falla undir þessar reglur skulu tilkynnt til vísindaráðs án ástæðulauss dráttar og eigi síðar en 30 dögum frá sköpun/uppfinningu.

Starfsmaður ber ábyrgð á að veita allar nauðsynlegar upplýsingar um hugverkið, þ.m.t. lýsingu á eðli þess, hugsanlega nýnæmisþætti og mögulega hagnýtingu.

Nemendaverkefni

Nemendur hafa rétt á að tilkynna uppfinningar til vísindaráðs en bera ekki skyldu til þess. Vísindaráð vinnur grunnmat á nemendaverkefnum og tekur afstöðu til hagnýtingar uppfinningar. Hyggist háskólinn hagnýta uppfinningu gilda sömu reglur um það og um uppfinningar rannsakanda/starfsmanna, þ.á.m. um kostnað og skiptingu arðs.

Heimilt er að fresta opinberri birtingu nemendaverkefnis tímabundið vegna einkaleyfisumsóknar eða verndar viðskiptaleyndarmála, en slík frestun skal vera tímabundin, rökstudd og má ekki koma í veg fyrir að nemandi ljúki námsmati og útskrift.

Hagnýting

Vísindaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, í samráði við Auðnu, skal taka afstöðu til mögulegrar hagnýtingar á framkominni uppfinningu. Vísindaráð skal veita rannsakanda/starfsmanni svar sem fyrst og aldrei síðar en innan þriggja mánaða hvernig brugðist skuli við þeim. Það er á ábyrgð rannsakanda/starfsmanns að leggja fyrir ráðið fullnægjandi upplýsingar um t.d. fjármögnun. Ákveði Landbúnaðarháskóli Íslands að hagnýta uppfinningu, svo sem með umsókn einkaleyfis, ber háskólinn þann kostnað sem hlýst af því.

Rannsakandi/starfsmaður getur óskað eftir að eignast rétt á uppfinningu ákveði Landbúnaðarháskóli Íslands að sækja ekki um einkaleyfi, fellur frá einkaleyfaumsókn eða hyggst ekki hagnýta hugverk með öðrum hætti. Rannsakandi/starfsmaður tekur þá við öllum kostnaði við öflun einkaleyfis og öðrum kostnaði sem hlýst af hagnýtingu uppfinningar.

Falli Landbúnaðarháskóli Íslands frá hugverki sem háskólinn hefur áður ákveðið að nýta skal rannsakandi greiða sanngjarnt endurgjald fyrir réttinn, ásamt sannarlegum kostnaði sem háskólinn hefur þegar stofnað til vegna hagnýtingar. Fresta má greiðslum þar til hreinar tekjur af uppfinningu koma til.

Landbúnaðarháskóli Íslands, starfsmenn hans og samstarfsaðilar hafa sameiginlega hagsmuni af því að nafn og merki þeirra séu notuð á viðeigandi hátt í tengslum við hugverk og hagnýtingu þess. Aðilar mega nota nafn og merki hvers annars í þessum tilgangi, nema um annað sé samið.

Fjárhagsleg réttindi vegna hagnýtingar

Gerður skal samningur um fjárhagsleg réttindi vegna hagnýtingar. Samningur skal vera á milli Landbúnaðarháskóla Íslands og starfsmanns. Samningurinn skal skýra í hvaða mæli starfsmaður framselur fjárhagsleg réttindi til Landbúnaðarháskóla Íslands. Við framsal öðlast háskólinn rétt til að semja við þriðja aðila um þau.

Þegar aðrar stofnanir, svo sem háskólar eða rannsóknastofnanir, hafa komið að uppfinningu, skal leita samninga við þá aðila áður en Landbúnaðarháskóli Íslands gengur til samninga.

Skipting fjárhagslegs ágóða

Nettóhagnaður til skiptingar er tekjur af hagnýtingu hugverks eftir að allur beinn kostnaður Landbúnaðarháskóla Íslands hefur verið dreginn frá, þar með talinn kostnaður vegna þróunar, einkaleyfisumsókna, viðhalds hugverkaréttinda og annarra útgjalda sem tengjast hagnýtingu. Arðurinn skal greiðast til Landbúnaðarháskóla Íslands, sem sér um að úthluta honum hlutfallslega til viðkomandi aðila.

Fjárhagsleg réttindi vegna hagnýtingar hugverka eru ákvörðuð með samningi við Landbúnaðarháskóla Íslands. Þar er kveðið á um framsal réttinda til háskólans og skiptingu hagnaðar. Við framsal öðlast háskólinn rétt til að semja við þriðja aðila um réttindin.

Skipting fjárhagslegs ágóða byggist á eftirfarandi meginreglum:

- Starfsmaður: 35% (séu starfsmenn fleiri en einn, skiptist hluturinn jafnt á milli þeirra nema um annað sé samið).
- Rannsóknastarf starfsmanns: 10%
- Deild eða starfseining starfsmanns: 10%
- Landbúnaðarháskóli Íslands: 45%. Þar af rennur hluti til vísindaráðs, í samræmi við ákvörðun rektors. Samningsbundnar greiðslur til Auðnu dragast frá óskiptum hluta háskólans.

Heimilt er að víkja frá framangreindri skiptingu hagnaðar og taka tillit til annarra þátta, t.d. vinnuframlags og aðstöðu. Skipting milli einstaklinga byggist á skriflegri yfirlýsingu um framlag, samþykktri af aðilum eða úrskurðaðri af vísindaráði ef ágreiningur kemur upp.

Greiðslur til starfsmanna skulu framkvæmdar árlega í samræmi við tekjur sem hlotist hafa af hagnýtingu hugverksins.

Stofnun sprotafyrirtækja

Um aðild Landbúnaðarháskóla Íslands að hlutafélögum og sprotafyrirtækjum fer skv. lögum um opinbera háskóla nr, 85/2008. Eignarhlutur háskólans í sprotafyrirtæki skal metinn í hverju tilviki með hliðsjón af framlagi háskólans, verðmæti hugverks, kostnaði, áhættu, aðkomu annarra stofnana, fjármögnun og hagsmunum háskólans. Sem almennt viðmið getur eignarhlutur háskólans verið 10%, nema annað leiði af mati, samningum eða samþykki viðeigandi stjórnvalda. Framlag háskólans til stofnunar sprotafyrirtækja er almennt ekki í formi reiðufjár heldur annarra verðmæta.

Starfsmenn sem koma að stofnun sprotafyrirtækis í samvinnu við háskólann vinna að uppbyggingu fyrirtækisins í samráði við vísindaráð.

Auðna sér um að gera einkaleyfisnytjasamninga við sprotafyrirtækið, á grundvelli samstarfssamnings við háskólann. Einkaleyfisnytjasamningar geta heimilað veitingu undirleyfa „sublicence“. Í einkaleyfisnytjasamningi skal einnig útfæra m.a. kostnaðarskiptingu, eignarhlut og framlag aðila.

Nytjaleyfissamningur skal m.a. tiltaka að sprotafyrirtæki taki við umsjón einkaleyfis og greiði þann kostnað sem fellur til vegna þess, s.s. vegna umsóknar, veitingu einkaleyfis, árgjöld einkaleyfis og vegna kostnaðar við að verja einkaleyfi, hvort sem er gagnvart einkaleyfisyfirvöldum eða dómstólum. Landbúnaðarháskóla Íslands er heimilt að nýta uppfinninguna við rannsóknir og kennslu eftir að leynd hefur verið afnumin.

Kennsluefni

Starfsmaður sem býr til kennsluefni í starfi sínu við háskólann á höfundarétt að efninu. Háskólinn fær hins vegar varanlegan, óeinkaréttarlegan rétt til að nota efnið í kennslu og miðlun innan háskólans, þar með talið í námskeiðum sem starfsmaðurinn sjálfur kennir ekki.

Ef kennsluefni er þróað með stuðningi úr rannsóknasjóðum, í samstarfi við stofnanir eða aðra samstarfsaðila, skal eignarhald og afnotaréttur ráðast af skilmálum styrkveitingar eða samnings við viðkomandi aðila. Slíkt efni kann að falla undir skyldur um opin aðgang, leyfisveitingu eða sameiginlegt eignarhald.

Upplýsingagjöf og þjálfun

Landbúnaðarháskóli Íslands skal tryggja að starfsmenn og nemendur fái upplýsingar um hugverkastefnuna og reglur skólans um hugverk við upphaf starfs eða náms og að stefnan og reglurnar séu aðgengileg á heimasíðu háskólans.

Boðið skal upp á þjálfun í tengslum við hugverkavernd, skráningu og nýtingu hugverka, t.d. í formi MasterClass vinnustofu sem Auðna stendur fyrir. Ráðstefnur og vinnustofur skulu haldnar reglulega til að auka vitund og færni í þessum efnum. Auðna hefur í samráði við vísindaráð umsjón með fræðslu starfsfólks háskólans um hugverkarétt og hagnýtingu rannsóknaniðurstaðna og getur ráðlagt rannsakendum varðandi ferli við tilkynningu hugverka.

Gildistaka og endurskoðun

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. júlí 2026 og skulu endurskoðaðar reglulega, að minnsta kosti á þriggja ára fresti, til að tryggja að þær taki mið af nýjustu lögum og reglum sem og breytingum á starfsemi háskóla. Vísindaráð ber ábyrgð á endurskoðun hugverkastefnunnar og reglna um hugverk og skal leggja

fram tillögur um breytingar til samþykktar af háskólaráði. Breytingar skulu kynntar starfsmönnum með formlegum hætti og birtar opinberlega á innri vef háskólans.

Samþykkt af háskólaráði Landbúnaðarháskóla Íslands 27.05.2026.